



Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytið
Borgartúni 26
105 Reykjavík

Sent á samráðsgátt

Reykjavík 14. ágúst 2024

Áform um breytingu á ýmsum lögum vegna einföldunar leyfisferla, samræming málsmeðferðar og fleira í umhverfis- og orkumálum.

Málsefni.

Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytið kynnir áform um lagasetningu fyrir skilvirkari leyfisveitingar á sviði umhverfis- og orkumála.

Ráðuneytið vinnur með Orkustofnun, Umhverfisstofnun og ráðgjöfum í að auka skilvirkni leyfisveitinga á svið umhverfis og orkumála. Breyta á reglum, afgreiðslutíma, ferlum og verklagi með það að markmiði að einfalda og stytta afgreiðslutíma og tryggja um leið gagnsæi og gæði.

Leyfisveitingar í orkumálum eru í fyrsta forgangi í áformum um breytingu á lögum vegna einföldunar leyfisferla. Stytta á leið framkvæmdaaðila að leyfum til að virkja. Á Íslandi er meiri orka framleidd á mann en dæmi eru um í öðrum löndum, 80 prósent orkunnar fara til fárra stórnotenda, ósnortin náttúra er verðmætari og viðkvæmari en víðast annarsstaðar. Við þær aðstæður telur Landvernd ekki brýnt forgangsmál að hraða afgreiðslu virkjanaleyfa. Nú þegar fimmtíu heiðar um land allt, stór landsvæði í byggð og hlutar hálendisins teiknast upp í viljayfirlýsingum og skipulagsdrögum fjárfesta er frekar ástæða til að staldra við en að hraða ferlum.

Verklag og ferla má alltaf bæta, en þegar markmiðið er hraðari afgreiðsla er hættu á að mikilvægir verndarþættir og lýðræðisleg aðkoma almennings verði víkjandi. Tími fyrir umsagnir við stór mál er nú þegar oft of skammur og það dregur úr möguleikum fólks til að kynna sér stór mál til hlítar. Landvernd styður alla viðleitni til að auka gæði og gagnsæi ferla við leyfisveitingar, en varar við því markmiði að flýta ferlum til að hraða framkvæmdum.

Þekkt er að ýtt hefur verið á eftir stofnunum að afgreiða leyfi með meiri hraða en þær ráða við og án þess að forsendur til útgáfu leyfa væru fyrir hendi. Leyfi hafa verið felld úr gildi af þeim ástæðum. Þrýstingur á hraða í leyfisveitingum, sem eykur hættu á mistökum, má aldrei verða viðtekin venja, eða festast í sessi, fyrir framkvæmdir af neinu tagi.



Fram hefur komið sterkur vilji hjá ríkisstjórninni um að greiða götu fyrirtækja og framkvæmdaaðila. Landvernd leggur höfuðáherslu á að ekki verði slakað á neinum kröfum sem stjórnvöld gera til fyrirtækja gagnvart náttúruvernd og lýðræðislegum ferlum.

Rætt er um að afnema gullhúðun úr regluverki, þar sem reglur hafa verið aðlagðar að íslenskum aðstæðum í þágu náttúru og samfélags, en eru hugsanlega til trafala fyrir framkvæmdaaðila. Landvernd varar við því að stjórnvöld stytti sér leið að framkvæmdum með því að slaka á kröfum.

Landvernd telur einföldun ferla til að flýta þeim geta verið hættulega og líklega til að bitna á náttúrunni og almenningi. Sjálfsagt er að fara yfir lög og sníða af þeim augljósa vankanta, en í flóknu umhverfi nútímans, þar sem framkvæmdir geta misheppnast vegna hraða við undirbúning, er það ekki gott markmið í að einfalda leyfisveitingaferli til þess eins að hraða framkvæmdum. Með því er hættu á að takmarka svigrúm almennings og spilla lýðræðislegu öryggi.

Virðingarfyllst,

*Þorgerður María Þorbjarnardóttir
Formaður Landverndar*